

1856.
12. apríl. Samkvæmt því sem þér þannig hafið frá skýrt, vil eg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti því, að hin áður nefnda mál- og heyrnarlausu stúlka verði fermd.

22. apríl. **7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um skilning á prentfrelsislögnum.**

Herra amtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni Nr. 1 og 2 og Nr. 3 af blaðinu „Þjóðólfi“ fyrir árið 1855, og hafið þér um leið í bréfi 30. desember f. á. beðizt þess, að höfðað væri mál að tilhlutun hins opinbera gegn ábyrgðarmanni nefnds blaðs, lögfræðingi J. Guðmundssyni, fyrir efnið í grein þeirri í nefndum númerum, sem hefir þessa yfirskrift: „úr bréfi til ábyrgðarmanns Þjóðólfs frá bónda í Norðurlandi, dagsett 1. október 1855“, og að stiptamtmaninum á Íslandi í því skyni væri skipað það sem með þyrfti, og hafið þér getið þess, að ef þér sjálfir ættið að höfða málið gegn áður nefndum ábyrgðarmanni, þá mundi þetta hafa miklu minni þýðingu og þarhjá vera fleirum vandkvæðum bundið, og það þó yður væri veitt málsfærslan ókeypis.

Stjórnarráðið verður nú að leiða athygli yðar að því, að samkvæmt ákvörðunum í 13. gr. samanbornum við 9. gr. í tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851 um prentfrelsi, getur, þegar svo er ástatt eins og hér, ekki orðið höfðað mál að tilhlutun hins opinbera. Stjórnin verður því að leggja herra amtmaninum það í sjálfs vald, hvort þér vilið á eigin kostnað höfða mál gegn hlutadeiganda ábyrgðarmanni, ef þér finnið ástæður til þessa, og megi þér þá, þegar þér beiðist þess, vonast eptir að fá leyfi til að flytja málið kauplaust.